

**Ed.**

**489. Frumvarp til laga**

[46. mál]

um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. apríl.)

**1. gr.**

Ný grein, sem verður 14. gr. laganna, orðist svo:

Skylt er að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kaup-tilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skjöl þessi. og skal geta nafns og nafnnumers. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrá-setts firma.

**2. gr.**

Ný grein, sem verður 15. gr. laganna, orðist svo:

Ákvæði laga þessara ná einnig til kaupa og sölu skráningarskyldra skipa, sbr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53 1970.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.